



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Menningar- íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar

b.t. Skúla Helgasonar formanns

Reykjavík 20. október 2022

### **Efni: Fylgd barna úr frístundaheimilum á íþróttæfingar**

Foreldrar hafa leitað til umboðsmanns barna vegna óánægju með fylgd barna í 1. og 2. bekk grunnskóla í Reykjavík úr frístundaheimilum á íþróttæfingar og lýst yfir áhyggjum af því að öryggi barna þeirra sé ekki tryggt þar sem þeim sé ekki fylgt alla leið.

Fylgd barna virðist vera framkvæmd með mismunandi hætti milli hverfa og íþróttafélaga. Er það skilningur umboðsmanns barna að íþróttafélög hafi almennt átt samstarf við Reykjavíkurborg um að veita þessa þjónustu. Árið 2010 samþykkti íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur að veita íþróttafélögum styrk til þess að hægt væri að fara með börn á æfingar þegar starfið er utan göngufæris og á sér stað fyrir kl. 16:30 á daginn. Í skýrslu starfshóps um frístundaakstur sem kom út árið 2019 kemur m.a. fram að frístundaakstur hafi stuðlað að aukinni þátttöku barna í íþróttum og jafnari þátttöku milli hverfa og íþróttagreina. Starfshópurinn lagði áherslu á að jafnræðis væri gætt hvað fylgd og frístundaakstur varðar en fram kemur í skýrslunni að tryggja þurfið aukið fjármagn til þess að svo megi verða. Í skýrslunni er vísað til minnisblaðs nefndar um frístundasamgöngur frá 2009, en þar er lögð áhersla á að notast eigi við rútur, því strætókerfið gagnist ekki yngstu börnunum. Börn í 1. og 2. bekk séu of ung til þess að ferðast ein í strætó og þá séu hóparnir oft of fámennir til þess að starfsmaður frístundaheimilis geti fylgt þeim.

Það er ánægjulegt að frístundaakstur hafi stuðlað að aukinni og jafnari þátttöku í íþróttum og mikilvægt er að styðja áfram við þá þróun, en framkvæmdin þarf þó að vera þannig að öryggi barna sé tryggt. Þá ber að virða og efla rétt barna til þátttöku í íþróttá- og tómstundastarfi og stuðla að því að börnum séu veitt jöfn tækifæri án mismununar af nokkru tagi, sbr. 2. og 31. gr. Barnasáttmálans, sammings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. samnefnd lög nr. 19/2013.

Umboðsmaður barna áréttar einnig mikilvægi þess að stjórnvöld setji hagsmuni barna í forgang, sbr. 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt vera

haft að leiðarljósi. Í því felst m.a. að tryggja þarf börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og gera á allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að ná því markmiði.

Mikilvægur þáttur í að innleiða Barnasáttmálann er að tryggja að hann sé með markvissum og kerfisbundnum hætti hafður að leiðarljósi við alla stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku sem varðar börn.

Þann 8. febrúar sl. sendi Íþróttabandalag Reykjavíkur erindi til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur þar sem óskað er eftir framlagi frá Reykjavíkurborg til þess að mæta kostnaði við að tryggja fylgd barna í frístundaakstri. Er þar sérstaklega vísað til alvarlegra tilvika þar sem litlu hafi mátt muna að illa færi, en ljóst er að það kallar á aðgerðir. Ef bjóða á þessa þjónustu verður að gæta jafnræðis og tryggja þarf öryggi allra barna. Það er því mikilvægt að allir samstarfsaðilar um þetta verkefni, Reykjavíkurborg og íþróttafélögin, sameinist um að finna útfærslu á fylgd barna úr frístundaheimilum á íþróttæfingar þar sem jafnræði og öryggi barna er haft í fyrirrúmi.

Samkvæmt stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 átti að endurskoða öruggar og vistvænar leiðir varðandi frístundaakstur og fylgdarmenn barna og átti þeirri vinnu að ljúka 1. apríl 2021. Umboðsmaður barna óskar því eftir upplýsingum frá menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur um það, hvort þeirri vinnu sé lokið, og ef svo er hverjar voru niðurstöðurnar. Einnig óskar umboðsmaður eftir upplýsingum um það hvort gefin hafi verið út fyrirmæli eða leiðbeiningar til íþróttafélaga varðandi fylgd barna og hvort framkvæmd hennar sé sambærileg milli íþróttafélaga og hverfa.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllt,



Guðríður Bolladóttir,  
settur umboðsmaður barna